

17. ágúst 2026

Til fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Góðan dag,

Hér með óskar undirrituð eftir því að erindið hér fyrir neðan verði til tekið fyrir á næsta fundi fræðsluráðs Hafnarfjarðar.

Erindið var upphaflega sent bæjarstjórn Hafnarfjarðar og síðan tekið til skoðunar af formanni fræðsluráðs Hafnarfjarðar.

F.h. foreldra og aðstandenda,

Brynja Ásdís Einarsdóttir

23. júní 2026

**Mótmæli og áskorun til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar vegna fyrirhugaðrar stækkunar bekkja í Víðistaðaskóla**

Til bæjarstjórnar í Hafnarfirði,

Foreldrum nemenda í Víðistaðaskóla hefur verið tilkynnt að fjármagn sem skólanum var úthlutað dugi ekki til að halda úti fjórum bekkjum í 10. bekk í haust, þrátt fyrir augljósa þörf. Fyrirhugað er að fækka bekkjum og dreifa nemendum milli þeirra sem eftir standa, með þeim afleiðingum að bekkir stækki verulega, úr 20–22 nemendum í 27–28 nemendur.

Þessi ákvörðun veldur verulegum áhyggjum meðal bæði foreldra og kennara. Álag á kennurum í árganginum hefur þegar verið mikið og ljóst er að það muni aukast til muna við þessa fjölgun nemenda. Slíkt hefur bein áhrif á möguleika kennara til að sinna nemendum með fullnægjandi hætti.

10. bekkur er krefjandi námsstig þar sem skiptir miklu að tryggja vinnufrið og persónulegan stuðning frá kennara. Fyrirhuguð stækkun bekkja mun leiða til meiri hávaða og truflana sem kann að hafa neikvæð áhrif á einbeitingu, líðan og námsárangur nemenda, sem og starfsumhverfi kennara. Að sameina bekki með þessum hætti dregur úr yfirsýn kennara og minnkar möguleika nemenda á einstaklingsmiðaðri athygli, sem er lykilforsenda árangursríks náms.

Einnig skal líta til þess að þessi árgangur hefur þegar upplifað verulegan óstöðugleika í skólagöngu sinni. Tíð uppstökkun hefur verið á hópum og sumir nemendur hafa haft allt upp í átta umsjónarkennara frá upphafi skólagöngu. Því er sérstaklega mikilvægt að tryggja stöðugleika og góða umgjörð, fremur en að auka álag og óvissu.

Þá vekur ákvörðunin sérstaka athygli í ljósi nýlegrar skýrslu sem unnin var fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), þar sem lýst er miklu álagi og þungu starfsumhverfi í grunnskólum, sérstaklega hjá umsjónarkennurum. Þar eru meðal annars lagðar til úrbætur sem fela í sér fækkun nemenda í námshópum – ekki fjölgun. Sjá skýrslu [hér](#).

Enn fremur verður ekki hjá því komist að benda á að þessi ákvörðun samræmist illa þeim markmiðum sem nýr meirihluti bæjarstjórnar hefur sett fram. Á bæjarstjórnarfundi þann 3. júní 2026, þegar nýr meirihluti tók við völdum í Hafnarfirði, skilgreinduð þið sjö forgangsverkefni sem ráðast skal í strax í upphafi kjörtímabils, þar á meðal að bæta starfsaðstæður í grunnskólum. Í málefnasamningi meirihlutans kemur jafnframt fram að markvisst skuli dregið úr álagi í leik- og grunnskólakerfinu. Fyrirhuguð breyting í Víðistaðaskóla gengur þvert gegn þessum yfirlýstu markmiðum.

Með vísan til framangreinds skora undirrituð eindregið á bæjarstjórn Hafnarfjarðar að endurskoða ákvörðun um fjármagn til Víðistaðaskóla fyrir skólaárið 2026-2027, og tryggja nemendum og kennurum skólans viðunandi aðstæður sem styðja við nám, vellíðan og faglegt starf.

Auk undirritaðrar skrifa 70 aðrir foreldrar og aðstandendur undir þessa áskorun, sjá meðfylgjandi undirskriftalista.

Vinsamlega staðfestið móttöku á þessu erindi.

F.h. foreldra og aðstandenda,

Brynja Ásdís Einarsdóttir